

Pingeyjarsveit
Skipulagsfulltrúi
Kjarna
650 Laugar

Reykjavík, 17. apríl 2024
UST202403-395/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Pingeyjarsveitar 2010 - 2022 og nýtt deiliskipulag - Sandabrot - nýtt verslunar- og þjónustusvæði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Pingeyjarsveitar er barst 26. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Pingeyjarsveitar 2010 - 2022 og nýju deiliskipulagi fyrir Sandabrot.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreina verslunar og þjónustusvæði og minnkar landbúnaðarland sem því nemur. Auk þess kemur fram að nýtt deiliskipulag mun taka til lóðarinnar Sandabrots þar sem er fyrirhugað að reisa allt að 10 smáhýsi.

Hraun

Í greinargerð aðalskipulags kemur fram að hraunið á svæðinu nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, en stór hluti hraunsins er sandorpið og hefur þar af leiðandi misst verndargildi sitt. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun getur tekið undir að hraunið á svæðinu er sandorpið á stórum hluta og á undanförunum áratugum hefur myndast gróðurhula. Hins vegar eru vel sjáanlegar hraunmyndanir á skipulagssvæðinu sem mikilvægt er að vernda.

Samanber ofangreint bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að við hönnun á svæðinu og valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til hraundýla og deiliskipulagið hannað með þeim hætti að það raski þeim ekki nema brýna nauðsyn beri til.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að jarðmyndanir innan skipulagssvæðisins, sem hafa verndargildi, séu kortlagðar á deiliskipulagsstigi og varðveittar. Sú kortlagning væri svo nýtt til grundvallar ákvarðanatöku um skipulag, skilyrði landnotkunar og hönnunar á

deiliskipulagstigi. Því er mikilvægt á deiliskipulagsstigi að smáhýsin, vegir, bílastæði, gönguleiðir o.s.frv. séu staðsett með tillit til jarðmyndanna.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að fjalla þarf mun betur um fráveitumál í greinargerð og hvernig henni verður háttað. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Gerð er krafa um ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa innan vatnasviðs Mývatns (reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu).

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningarit¹ um minni fráveitur sem hægt er að hafa til hliðsjónar.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

¹ https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Lei%3fb0b_minni%20fr%3a1veitur_LOKA.pdf